

Alþingi  
Erindi nr. P 126/1586  
komudagur 21.3.2001



**TÓBAKSVERNANEFND**  
Skógarhlíð 8 · Pósthólf 5420 · 125 Reykjavík  
Sími 561 2555 · Fax 561 2563  
reyklaus@reyklaus.is · www.reyklaus.is

Reykjavík, 21. mars 2001


**Kæri viðtakandi.**

Meðfylgjandi eru helstu verkefni Tóbaksvarnanefndar árið 2000.

Það sem hefur komið undirrituðum mest á óvart í starfi er mikill áhugi fólks á tóbaksvörnum en það endurspeglar mikilvægi málefnisins og áhuga almennings á að stemma stigu við reykingum og njótar réttar um reyklaust umhverfi. Fólki er mjög umhugað um að þurfa ekki að líða fyrir reykingar annarra. Það er ekki fjarri lagi að um 60% af tíma starfsmanna fari í að þjóna almenningi með margvíslegum hætti og vera í samskiptum við fjölmiðla. Fjöldi fólks hringir daglega í ýmsum erindgjörðum, svo sem til að fá send bannmerki til að nota í fyrirtækjum, hótelum eða heima hjá sér, forvitnast um lög og reglur og fá þau send, kvarta vegna sölu á sígarettum til barna og ungmenna, leita réttar síns, sækja um viðurkenningu fyrir reyklausan vinnustað, óska eftir merkingum á hótél og stofnanir. Og fjöldi foreldrar leitar ráða vegna reykinga eða annarrar tóbaksnotkunar barna sinna og eigin reykinga. Langflestir halda að Tóbaksvarnanefnd sé eftirlitsaðili með að lögum um tóbaksvarnir sé framfylgt. Nefndin kemur kvörtunum yfirleitt skriflega til heilbrigðiseftirlitsins eða vinnueftirlitsins og hvetur fólk til að gera slíkt hið sama.

Mikil ásókn er í samstarf við Tóbaksvarnanefnd um ýmis verkefni og berast nokkrar beiðnir um auglýsingar/samstarf á degi hverjum. Varla líður sú vika að framkvæmdastjóri sitji ekki fundi með aðilum sem eru að kynna nýjar hugmyndir, verkefni, viðburði og fleira sem tengja mætti tóbaksvörnum. Nefndin hefur það markmiði að hvetja og virkja sem flesta til átaks gegn tóbaksreykingum, eins og lög gera ráð fyrir.

*Virðingarfyllst,*



**Þorgrímur Þráinsson**  
framkvæmdastjóri  
Tóbaksvarnanefndar

## Helstu verkefni Tóbaksvarnanefndar árið 2000

- Fyrstu tvo mánuði ársins voru sýndar sláandi auglýsingar á fjórum sjónvarsstöðvum um skaðsemi reykinga. Um ástralskar auglýsingar var að ræða. „Hver einasta sígaretta veldur þér skaða.”
- Auglýsingunum var fylgt eftir með heilsíðuauglýsingum í dagblöðum og tímaritum þar sem upplýst var ítarlega hvaða áhrif reykingar hafa á líkamann.
- Útbúnar voru veggmyndir áþekkar dagblaðsauglýsingunum (þeim áströlsku), þær plastaðar og kósaðar og sendar öllum heilbrigðisstofnunum á landinu.
- Allar tannlæknastofur á landinu fengu einnig plastaðar veggmyndir með þessum sláandi myndum og tannlæknar voru hvattir til að hengja veggmyndirnar upp á biðstofum. Þessi útbreiðsla gerði það að verkum að einkafyrirtæki tóku að óska eftir veggmyndunum.
- Í upphafi árs hófst samstarf við Heilbrigðisstofnun S-Þingeyinga á Húsavík um „Ráðgjöf í reykbindindi” (reyklausa línu). Viðbrögð fólks voru töluverð í kjölfar áströlsku auglýsinganna og gafst fólki kostur á að fá senda bæklinga með leiðbeiningunum um hvernig væri best að hætta að reykja. Samningur hefur verið gerður um áframhaldandi starfsemi ráðgjafarinnar með þátttöku heilbrigðisráðuneytis og landlæknis. Fólk getur líka lesið inn nafn og símanúmer og síðan er hringt í viðkomandi. Dr. Ásgeir Helgason, sem er hugmyndasmiður reyklausrar línu í Svíþjóð, hefur leiðbeint starfsfólki fyrir norðan.
- Fyrirtækið PricewaterHouseCoopers lagði spurningar fyrir almenning varðandi áhuga á að hætta að reykja, hvaða aðferð fólk hafi beitt, hvort það hafi áhuga á ókeypis símaráðgjöf á vegum heilbrigðisþjónustu og fleira.
- Fræðslufulltrúar og skólahjúkrunarfræðingar voru hvattir til að taka á tóbaksvörnum í framhaldsskólum. Skólum voru sendir A-5 einblöðungar með upplýsingum um skaðsemi reykinga á stúlkur annars vegar og stráka hins vegar.
- Bolir með áletrun gegn reykingum fyrir stúlkurnar í Fegurðarsamkeppni Íslands enda fær engin að taka þátt nema vera reyklaus. Sama er upp á teningnum í Herra Ísland.
- Seinni hluti samstarfs við meistaraflokk kvenna í Víkingi í handbolta, slagorð á stuttbuxum og æfingatreyjum. Liðið er reyklaust.
- Stuðningur við ESPAD rannsókn á reykingum, áfengisneyslu og vímuefnaneyslu 10. bekklinga á Norðurlöndunum.
- Samstarf við Kvennaskóla Íslands vegna bola fyrir 170 nemendur með áletruninni „Vertu frjáls – reyklaus”.
- Í samstarfi við Krabbameinsfélag Reykjavíkur var mikill þungi lagður í skólafræðsluna „Sköpum reyklausa kynslóð” en kennslu- og fræðslugögn um skaðsemi reykinga hefur verið dreift í alla grunnskóla síðastliðin 3 ár. Námsefnið er ætlað nemendum í 6.-10. bekk og er sér kennslumappa fyrir hvern árgang. Öllum foreldrum var sendur fræðslubæklingur þar sem foreldrar voru m.a. hvattir til að gera samninga við börnin sín um að reykja ekki. Glæsileg einstaklingsverðlaun voru dregin út fyrir reyklausa nemendur og var ágæt nýting á

námsefninu samkvæmt könnun Krabbameinsfélags Reykjavíkur þótt alltaf megi gera betur. Haldin voru námskeið fyrir hjúkrunarfræðinga, námsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðinga í tengslum við námsefnið í skólunum, þeim að kostnaðarlausu.

- Um 50 sýningar fóru fram í grunnskólum á leikritinu Á kafi en um er að ræða verk sem tekur á reykingum ungmenna á skondinn hátt. Naut mikilla vinsælda.
- Í fyrsta sinn tók Ísland þátt í Evrópusamkeppni meðal reyklausra 7. og 8. bekkja en alls tóku 14 Evrópulönd þátt. Um 330 bekkir skráðu sig til þátttöku á Íslandi, alls um 5.500 nemendur og þurftu bekkirnir að senda inn kort mánaðarlega til að staðfesta reykleysi auk þess að skila inn verkefnum í anda tóbaksvarna. Þegar upp var staðið höfðu aðeins um 8% bekkja dottið út vegna reykinga eins eða fleiri nemenda og var Ísland með langbesta árangurinn hvað varðar reyklausa bekkja á Evrópuvísu. Glæsileg verðlaun voru veitt en Hafralækjarskóli í Aðaldal vann aðalverðlaunin, ferð á „ráðstefnu“ í Berlín þar sem nemendur hittu jafnaldra sína frá hinum þátttökubjóðunum. Sex bekkir unni dagsferð eða helgarferðir innanlands. Þessi keppni ýtti mjög undir það (að sögn kennara) að námsefnið „Sköpum reyklausa kynslóð“ hefði verið notað í skólunum. Framkvæmdastjóri heimsótti alla skóla á landsbyggðinni til að kynna verkefnið.
- Um haustið hóf Ísland þátttöku í Evrópusamkeppni meðal reyklausra 7. og 8. bekkja í annað sinn og enn taka yfir 330 bekkir þátt. Skráning, staðfesting á reykleysi og flest samskipti fara fram á vefsíðu og verður utanlandsferð í vinning fyrir þann bekk sem skilar inn áhugaverðustu tillögum í anda tóbaksvarna. Fjöldi aukavinninga er í boði.
- Samstarf við Jón Þorvald Ingjaldsson vegna verkefnisins Hugsanabæling í reykingaánetjun en hann tók viðtöl við starfsmenn fjögurra stórfyrirtækja á Íslandi.
- Gallup var fengið til að gera könnun á munn- og neftóbaksnotkun karlmannna á aldrinum 15-79 ára svo Ísland gæti aflað gagna til að svara fyrirspurn frá eftirlitsstofnun EFTA. Einnig var samin umsögn fyrir heilbrigðisráðuneytið vegna tillagna framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki.
- Samstarfshópur frá heilbrigðisráðuneytinu, Tóbaksvarnanefnd með þátttöku lögfræðinga gerði tillögu að nýjum lögum um tóbaksvarnir.
- Samstarf við aðila innan Gallups til að vinna úr gögnum sem sýna að ungt fólk sem reykir lendir frekar í umferðarslysum.
- Samstarf við heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur vegna prentunar á límmuðum og borðspjöldum (reyklausa borð) fyrir veitinga- og kaffihús.
- Samstarf við Sólheima í Grímsnesi vegna reykbindindisnámskeiðs þar.
- Samningur gerður við Ungfrú Ísland.is um að engin stúlka geti tekið þátt í keppninni nema verið reyklausa og að stúlkunum sé óheimilt að taka þátt í myndatökum og auglýsingum þar sem sígarettur eru sýndar. Að auki getur Tóbaksvarnanefnd fengið stúlkurnar til að taka þátt í auglýsingum gegn reykingum sé þess óskað. Samskonar samningar hafa verið gerði við Fegurðarsamkeppni Íslands (karla og kvenna), Eskimo Models sem sér um Elite keppnina og Skóla Johns Casablanca sem sér um Ford fyrirsætukeppnina. Skilmálarnir eru allsstaðar hinir sömu: Engin fær að taka þátt nema vera reyklausa. Og enn fremur hefur skóli Johns Casablanca staðið fyrir fatahönnunarkerppni meðal grunnskólanemenda þar sem eingöngu reyklauser nemendur fá að taka þátt og því er fylgt eftir með því að fá það staðfest hjá foreldrum. Sömu skilmálar

verða í haust þegar skólinn verður með keppni í „sýndarveruleika“ meðal grunnskólanemenda. Aukinheldur fá fyrirsætur á skrá hjá Eskimo models fyrirlestur um tóbaksvarnir einu sinni á ári.

- Samstarf við Þorstein J. Vilhjálmsson um gerð stuttmyndar um móður sína sem lést úr lungnakrabbameini fyrir tveimur árum. Hann tók viðtal við hana áður en hún dó, bæði heima og á sjúkrahúsinu. Myndin var sýnd í fréttabættinum 19:20 (Ísland í dag) sl. haust og mun Þorsteinn sýna myndina í framhaldsskólum landsins í samvinnu við Tóbaksvarnanefnd og skólahjúkrunarfræðinga.
- Tóbaksvarnanefnd auglýsir yfirleitt í öllum framhaldsskólablöðum með því skilyrði að ekki sjáist sigarettar í blöðunum. Þetta hefur leitt til þess að sigarettur (og þar af leiðandi neysla tóbaks) er nánast horfin af síðum framhaldsskólablaðanna.
- Samstarf við frjálsíþróttadeild ÍR vegna alþjóðlegs frjálsíþróttamóts í Laugardalshöll þar sem ungmenni kepptu á undan stórstjörnunum. Allir krakkar í bolum með slagorðum gegn tóbaksnotkun.
- Samstarf við Hjartavernd um útgáfu á bæklingnum Kryddlegið hjarta – reykingar eru dauðans alvara.
- Þrjár sjónvarpsauglýsingar framleiddir vegna átaks gegn óbeinum reykingum. Tvær auglýsinganna voru sýndar í þrjár vikur á vormánuðum en sú þriðja um haustið. Ein auglýsinganna var tilnefnd sem besta auglýsingin (ásamt 9 öðrum) á alþjóðlegri ráðstefnu auglýsingastofa en 10.000 auglýsingar voru sendar inn.
- Samstarf við ÍSÍ vegna Kvennahlaupsins. Áletrunin „Vertu frjáls-reyklaus“ var á bolunum.
- Samstarf við Vímuvarnanefnd Reykjavíkurborgar til að kanna viðhorf foreldra til reykinga, áfengisneyslu og eiturfjaneyslu barna.
- Samstarf við Vinnuskóla Reykjavíkur -- einblöðungi um áhrif reykinga á unglunga dreift með fræðslumöppum sem hver einasti unglingur fékk fyrir sumarvinnuna.
- Hafin var vinna til að endurskoða lög um reykingar um borð í skipum. Töluverður þrýsingur hefur komið frá útgerðarmönnum um þetta því þeir vilja að sínir starfsmenn sitji við sama borð og aðrir á vinnumarkaðnum.
- Samstarf við SÍUNG (samtök íslenskra barna – og unglíngabókahöfunda) um að þeir ræði um skaðsemi tóbaks og áfengis þegar þeir lesa upp úr bókum sínum fyrir börn og ungmenna. Brýna ætíð mikilvægi heilbrigðis lífennis. Þetta hefur skilað sér með áróðri gegn reykingum í tveimur nýjum barna- og unglíngabókum (verðlaunabókum).
- Samstarf KSÍ, knattspyrnuþjálfarafélags Íslands og Tóbaksvarnanefndar til að stemma stigu við útbreiðslu munntóbaks. Öllum íþróttafélögum á landinu og formönnum knattspyrnudeilda var sent bréf og þeir upplýstir um átakið og hvattir til að sýna fordæmi í þessum efnunum. Þá var öllum boðið að fá sent skilti (1x1 metri), þeim að kostnaðarlausu, sem á stendur að öll notkun tóbaks sé bönnuð á svæðinu. Fjöldi íþróttafélaga fékk skilti.
- Unnið að því með Golfsambandi Íslands að úthýsa reykingum úr klúbbhúsum en víða er ástandið óviðunandi. Dreifbréf og bannmerki sent til allra.
- Samstarf við skíðasamband Íslands um að taka á munntóbaksnotkun meðal skíðamanna. Öllum félögum í skíðasambandinu sent bréf og þeir hvattir til að taka á málinu.
- Samstarf við Skíðasamband Ísland vegna útbreiðsluátaksins „Gönguskíðakennsla meðal almennings“. Áletrun gegn tóbaki á bolum leiðbeinenda.

- Samstarf við frjálsíþróttadeild FH um sölu á bolum með slagorðinu „Vertu frjáls-reyklaus” en hafnfirsk ungmenni (afreksfólk í frjálsum) sáu um söluna.
- Samstarf við Samtök félagsmiðstöðva á Suðurnesjum vegna keppni um besta slagorðið og besta plakatið gegn reykingum.
- Samstarf við Aflaunamenn sem fylgdu Bygljulestinni á 13 staði á landinu um sumarið. Þeir klæddu bæjarstjóra hvers keppnisstaðar í bol sem á stendur „Sterkur án tóbaks” og „Vertu frjáls-reyklaus”. Sjálfir klæddust kraftakarlararnir slíkum bolum við hvert tækifæri.
- Á Reyklausadaginn 31. maí var 32 síðna aukablaði dreift með Morgunblaðinu en í því var fjöldi upplýsinga, viðtala, greina og fleira um reykingar, forvarnastarf og fleira. Tóbaksvarnanefnd hefur um 4000 aukaeintök til umráða en þeim er ýmist dreift í framhaldsskólum eða fyrirtækjum sem þess óska.
- Fjölbreyttum veggmyndum hefur verið dreift á alla sundstaði á landinu, íþróttahús og fleiri staði. Límmiðar „Reyklaus bíll” hefur verið sendur á allar bensínstöðvar og gefst fólki kostur á að fá miða því að kostnaðarlausu.
- Öll leikhús í landinu hafa verið hvött til að banna reykingar á hléum (innandyra) en víðar er ástandið þannig (til að mynda í Þjóðleikhúsinu) að ekki er hægt að fá sér vatnsglas nema vaða reyk. Leikhúsunum var jafnframt sent lögfræðialit sem sýnir svart á hvítu að reykingar í leikhúsum brjóta í bága við lög um tóbaksvarnir.
- Öllum veitinga- og kaffihúsum (tæplega 800 talsins) var sent bréf og ljósrit úr skoðanakönnun Gallups sem sýnir afstöðu fólks til reyklusra svæða á veitinga- og kaffihúsum. Mikill meirihluti vill borða á reyklusum svæðum og voru eigendur hvattir til að fara að lögum og virða skoðun meirihlutans. Þeim var jafnframt sent ljósrit úr könnun sem sýnir að tæplega 80% fullorðinna reykja ekki.
- Samstarf við Íþrótt- og æskulýðsráð Hafnarfjarðar um dreifingu á póstkorti sem var inni í stílabókum sem allir nemendur á landinu í 8.-10. bekk fengu ókeypis. Á póstkortinu gefst nemendum kostur á að taka þátt í slagorðasamkeppni með því að fara inn á heimasíðu Tóbaksvarnanefndar og vinna til glæsilegra verðlauna.
- Unnið hefur verið að endurbættri heimasíðu Tóbaksvarnanefndar sem verður opnuð innan tíðar.



ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

22. nóvember 2000

Til Þorgíms Þráinssonar, framkvæmdastjóra Tóbaksvarnanefndar  
Frá Þjóðhagsstofnun *BT*

**Efni: Áhrif verðhækkunar á tóbaki á vísitölu neysluverðs**

Að beiðni Tóbaksvarnanefndar hefur verið gerð lausleg athugun á áhrifum verðhækkunar á tóbaki á tóbaksneyslu, áhrif hennar á vísitölu neysluverðs og hugsanlegar mótvægisáðgerðir. Í bréfi Tóbaksvarnanefndar var beiðið um að skoða sérstaklega áhrif þess að hækka verð sígarettupakka í 500 krónur.

Við athugunina eru notaðar sögulegar tölur yfir neyslu og verð tóbaks árin 1957-1999. Þar sem ekki er hægt að skilja að neyslu á sígarettum frá annarri tóbaksneyslu í þessum gögnum er gert ráð fyrir að allar gerðir tóbaks taki sömu hækkun.

Hækkun á verði sígarettupakka í 500 krónur þýðir um þriðjungs hækkun á verði hans. Sé tekið tillit til almennra verðlagshækkana er raunhækkunin um 30%. Í talnasafninu er hins vegar mesta raunhækkun á einu ári um 17% og því er umrædd hækkun meiri en svo að hægt sé að byggja á fyrirliggjandi gögnum.

Sé miðað við minni hækkun leiðir athugunin eftirfarandi í ljós. Við 10% verðhækkun má búast við að neysla tóbaks á mann minnki um 4½% innan árs. Til lengri tíma litið má gera ráð fyrir að hækkunin leiði til 6% minni neyslu tóbaks.


Tekjuáhrifin eru einnig nokkur. Aukist kaupmáttur ráðstöfunartekna um 10% má gera ráð fyrir að tóbaksneysla á mann aukist um 4% innan árs og um 6% til lengri tíma litið.

Vægi tóbaks í vísitölu neysluverðs er 1,7%. Því myndi 10% hækkun leiða til 0,17% hækkunar vísitölunnar og 33% hækkun myndi leiða til þess að vísitala neysluverðs hækkaði um 0,56%.

Vilji stjórnvöld koma í veg fyrir að hækkun á verði tóbaks leiði til hækkunar vísitölu neysluverðs geta þau gripið til mótvægisáðgerða sem lækka vísitölu neysluverðs um svipað hlutfall og hækkun tóbaksverðs myndi leiða af sér. Helst væri að líta til lækkunar skatta eða lækkunar á gjaldskrá opinberrar þjónustu. Í því sambandi vill Þjóðhagsstofnun taka fram að í flestum tilvikum leiða slíkar lækkanir til aukinnar neyslu sem er óæskilegt frá hagstjórnarsjónarmiði við það efnahagsástand er nú ríkir.

# Sp.1: Vilt þú eiga þess kost að geta setið á reyklausu svæði á kaffi- og veitingahúsum?

Allt landið 15-89 ára.



Hópur	Fjöldi
Alls	924
Peir sem tóku afstöðu	864
Karlar	418
Konur	446
15-19 ára	302
30-49 ára	330
50-89 ára	232
Höfuðb.svæðið	506
Dreifb. úti á landi	78
Þéttb. úti á landi	280
Opinber þjónusta	170
Iðnaður	109
Landbúnaður	24
Sjávarútvegur	61
Verslun og önnur þj.	219

■ Ath. fá svör



Mikill meirihluti fólks, eða rúmlega 81%, vill eiga kost á því sitja á reyklausu svæði á kaffi- og veitingahúsum. Ekki kemur fram munur á milli kynjanna en hærra hlutfall fólks á aldrinum 15-29 ára samanborið við 50-89 ára vill eiga kost á því að sitja þar sem ekki er reykt. Einnig kemur fram munur á viðhorfum fólks í mismunandi atvinnugreinum en allir svarendur sem starfa í landbúnaði vilja eiga kost á því að geta setið á reyklausu svæði samanborið við tæplega 78% þeirra sem starfa í sjávarútvegi.





**TÓBAKSVARNANEFND**

Skógarhlíð 8 · Pósthólf 5420 · 125 Reykjavík

Sími 561 2555 · Fax 561 2563

reyklaus@reyklaus.is · www.reyklaus.is

## Ólögleg tóbakssala í Reykjavík, janúar-febrúar 2001

### Könnun Íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkur

Um mánaðarmótin janúar - febrúar 2001 framkvæmdi ÍTR könnun í tengslum við átaksverkefnið *Seljum börnum og unglíngum ekki tóbak* sem Reykjavíkurborg, Tóbaksvarnarnefnd og Verzlunarmannafélag Reykjavíkur standa fyrir. Eins og öllum er kunnugt er óheimilt að selja eða afhenda einstaklingum yngri en 18 ára tóbak. Starfsmenn ÍTR ásamt unglíngum fóru á sölustaði þar sem unglíngar reyndu að kaupa sér tóbak og starfsmenn fylgdust með. Niðurstöður voru síðan skráðar ásamt athugasemdum.

<u>Hverfi</u>	<u>Seldu</u>	<u>Seldu ekki</u>	<u>Samtals %</u>	
Árbær og Kjalarnes	5	7	12	42%
Breiðholt	4	16	20	20%
Bústaðahverfi	3	5	8	38%
Grafarvogur	12	5	17	71%
Hlíða- og Mýrahv. gamli Austurbær	31	18	49	63%
Vesturbær	11	20	31	35%
Voga-, Langholts- og Laugarneshv.	13	12	25	52%
<b>Samtals:</b>	<b>79</b>	<b>83</b>	<b>162</b>	<b>49%</b>

Niðurstaðan er sú að farið var í 162 verslanir í Reykjavík og gátu unglíngarnir keypt tóbak í 79 verslunum af 162 => 49% tilfella.

Í mars 1999 var gerð sambærileg könnun og þá gátu unglíngar keypt í 68% tilfella, í nóvember 2000 gátu þeir keypt í 58% tilfella þannig að þeim sem selja unglíngum tóbak í þessum könnunum fækkar um tæp 20% á þessu tímabili. Tóbaksátakið *Seljum börnum og unglíngum ekki tóbak* hefur eflaust haft þar áhrif. Áberandi var að menn höfðu tekið sér tak frá því síðast, þannig að nú spyr sölufólk unglíngana gjarna um skírteini en selja þeim samt í mörgum tilfellum tóbak án þess að börnin hafi skírteini tiltæk. Það er von okkar að sölufólk fari að stíga skrefið til fulls og selji ekki börnum tóbak.

Í framhaldi af niðurstöðum þessum verða sendar kvartanir vegna brota á lögum um tóbaksvarnir til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sem sendir síðan lögbrjótum alvarlega viðvörðun og áminningu með formlegum hætti þá sem ítrekað hafa gerst brotlegir við lög. **Þetta þýðir að í kjölfar þessarar nýjustu könnunar fái tæplega 50 sölustaðir áminningu og eiga það á hættu að verða bannað að selja tóbak brjóti þeir af sér í þriðja sinn.**



## Sköpum reyklausa kynslóð

### Samstarfsverkefni Krabbameinsfélagsins og Tóbaksvarnanefndar

Frá árinu 1997 hefur Krabbameinsfélagið ásamt Tóbaksvarnanefnd boðið grunnskólum landsins upp á frítt námsefni í tóbaksvörnum. Útgáfa námsefnisins er hluti af áttakinu *Sköpum reyklausa kynslóð* sem áðurnefndir aðilar standa fyrir. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (1999) ber íslenskum menntayfirvöldum að veita börnum og ungmennum ýmsa fræðslu utan hefðbundinna námsgreina. Þar á meðal er 14. grein um tóbaksvarnir. Með þessu eru Krabbameinsfélagið og Tóbaksvarnanefnd að koma til móts við menntayfirvöld með sérstakri útgáfu á námsefni í tóbaksvörnum. Frá árinu 1998 hafa fyrrgreindir aðilar staðið fyrir óformlegri könnun á nýtingu námsefnisins. Þ.e.a.s. hversu margir nemendur á aldrinum 11 til 16 ára fá kennslu í tóbaksvörnum. Segja má að notkun efnisins hafi farið fram úr björtustu vonum fyrsta veturinn sem námsefnið stóð skólum til boða. Þá fengu um 73% nemenda í áðurnefndum aldurshópum kennslu í tóbaksvörnum. Því miður fór þessum nemendum fækkandi veturinn 1988 til 1999 en þá fengu aðeins 57% nemenda þessa mikilvægu fræðslu. Skólaárið 1999 til 2000 jókst kennslan á nýjan leik. Niðurstöður eru mjög misjafnar eftir landshlutum en hér að neðan má sjá niðurstöður þriggja síðustu ára.

	2000	1999	1998
Reykjavík	59%	49%	84%
Reykjanes	54,5%	51%	67%
Vesturland	63%	64%	60%
Vestfirðir	74%	62,5%	69%
Norðurland	75%	49%	65%
Austurland	49,5%	64%	81%
Suðurland	69,5%	62%	70%
<b>Landið allt</b>	<b>63,5%</b>	<b>57%</b>	<b>73%</b>

Fræðsla hefur aukist í öllum landshlutum nema á Austurlandi og Vesturlandi ef árin 1999 og 2000 eru borin saman. En Austurland var sá landshluti sem stóð sig einna best á fyrsta ári þessa átaks. Í aðalnámskrá grunnskóla sem tekin var í notkun haustið 1999 er kynnt til sögunnar ný námsgrein; lífsleikni. Margir skólar hafa valið að taka tóbaksvarnir inn í þessa nýju grein enda á hún vel heima þar. Áhugarvert verður að fylgjast með nýtingu námsefnisins eftir að ný aðalnámskrá verður að fullu komin í gildi í íslensku skólakerfi (þ.e. árið 2002). Tóbaksvarnir koma öllum við sem starfa með börnum og unglingum. Það er von okkar að með samstilltu átaki takist að koma í veg fyrir að börn og unglingar falli í gryfju tóbaksframleiðenda. Betur má ef duga skal. Tökum höndum saman og hjálpum íslenskum börnum að velja frelsi til framtíðar – reykleysi!

Úrdráttur úr samantekt könnunar sem gerð var í lok skólaárs vorið 2000.